

## Hvert þyngdarstig kostar 2 milljarða



Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Eftir Jóhönnu Maríu Vilhelmsdóttur [jmv@mbl.is](mailto:jmv@mbl.is) HVER aukning meðalþyngdar Íslendinga um eitt stig líkamsþyngdarstuðuls (BMI) eykur heilbrigðiskostnað þjóðarinnar um hátt í tvo milljarða á ársgrundvelli.

Eftir Jóhönnu Maríu Vilhelmsdóttur

[jmv@mbl.is](mailto:jmv@mbl.is)

HVER aukning meðalþyngdar Íslendinga um eitt stig líkamsþyngdarstuðuls (BMI) eykur heilbrigðiskostnað þjóðarinnar um hátt í tvo milljarða á ársgrundvelli. Meirihluti fullorðinna einstaklinga er of þungur, um 20% barna eru of þung og um 5% of feit. 6-9% af heilbrigðisútgjöldum á Vesturlöndum eru tilkomin vegna offitu og mun hlutfallið aukast ef þróunin helst óbreytt.

*Holdafar – hagfræðileg greining* er nýútkomin bók sem byggist á rannsóknum Tinnu Laufeyjar Ásgeirsdóttur, doktors í heilsuhagfræði, sem kynnt verður á opnum fundi í Norræna húsinu klukkan 12 í dag. Í bókinni tekur Tinna saman hvaða aðgerðir væru kostnaðarhagkvæmastar ef vilji væri til að sporna gegn þróun ofþyngdar hér á landi.

„Inngrip vegna holdafars eru vandmeðfarin og oft tvíeggjuð eða jafnvel varhugaverð. Því verður að huga vel að öllum smáatriðum áður en gripið er til aðgerða og meta hvort betur sé heima setið en af stað farið,“ segir Tinna Laufey.

Hún gagnrýnir m.a. útfærslu nýlegrar matarskattslækkunar þar sem sykurrík vara lækkaði samhliða annarri matvöru. Hún ræðir hvort fyrirkomulagið hafi verið í samræmi við rökin fyrir lækkuninni. Vissulega sé ástæða til að hvetja til skattalækkana, en þegar skattkerfið sé flækt með mismunandi skattprósentu á mismunandi vörur þurfi að huga vel að útfærslunni og ástæðum lækkananna.

Í erlendum rannsóknum hafi komið fram að verðnæmi gosdrykkja sé mest meðal barna og unglunga, en það séu einmitt hóparnir sem stjórnvöld hafi áhuga á að ná til. Þótt ekki sé hægt að kalla þetta forvarnastarf í hefðbundnum skilningi nái stjórnvöld samt til þessara hópa, sem breyti neysluhegðun sinni frekar með tilliti til verðbreytinga en fræðslu.

### **Í hnotskurn**

- » Úrbætur á ofþyngd barna eru brýnar því holdafar þeirra hefur spágildi fyrir fullorðinsárin.
- » Rannsóknin snýst um möguleika til að ná fram sem mestu þyngdartapi með sem minnstum tilkostnaði.
- » BMI-stuðullinn segir til um hvort fólk er í kjörþyngd, of þungt eða of grannt.